



NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU

„Stofnun Þjóðaróperu“

Nr. S-46/2024 í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum samradsgatt.is

EFNI

1.	Inngangur	2
2.	Pátttaka.....	2
3.	Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim	4
	3.0 Yfirlit.....	4
	3.1 Efnisatriði 1: Röng samlegð?.....	5
	3.2 Efnisatriði 2: Einblínt á höfuðborgarsvæðið	5
	3.3 Efnisatriði 3: Skipun þjóðleikhúsráðs	7
	3.4 Efnisatriði 4: Hæfnisráð fyrir óperustjóra	8
	3.5 Efnisatriði 5: Nafnið „Þjóðarópera“.....	9
	3.6 Efnisatriði 6: Eyrnamerkt fjármagn.....	10
	3.7 Efnisatriði 7: Listrænt sjálfstæði	10
	3.8 Efnisatriði 8: Framtíðarskipulag	11
	3.9 Efnisatriði 9: Endurráðning óperustjóra.....	12
	3.10 Efnisatriði 10: Söngleikir sem eru „kassastykki“.....	12
	3.11 Efnisatriði 11: Óperuráð.....	13
	3.12 Efnisatriði 12: Kvöð um Listráð	13
	3.13 Efnisatriði 13: Samræmt orðalag	14
4.	Næstu skref	14

1. INNGANGUR

Frumvarpið, sem leggur til breytingar á sviðslistalögum nr.165/2019 með nýjum kafla um stofnun Þjóðaróperu, var lagt í Samráðsgátt frá 19.2. til 3.3.2024. 25 aðilum var sent boð um samráð en alls bárust 22 athugasemdir.

Mikill meirihluti umsagnaraðila (20) fagnaði frumvarpinu og lýsti yfir stuðningi við það. Margir fögnuðu þeim tímamótum að óperulistin yrði styrkt og að söngvarar fengju nú í fyrsta sinn starfsgrundvöll sambærilegan samstarfsaðilum sínum í leiklist, tónlist og dansi (BÍL, SmfSN, FÍT, FÍL, Klassís o.fl.). Margir lýstu jafnframt yfir ánægju með það rekstrarfyrirkomulag sem valið hefði verið, þ.e.a.s. samlegð við Þjóðleikhúsið (TÍ, MAK, FÍL, Klassís) en fögnuðu einnig þeirri framtíðarsýn sem sett er fram og lýsir aukinni samlegð meðal sviðslistastofnana ríkisins og jafnræði meðal listrænna stjórnenda (BÍL, TÍ, FÍL, ÍD, o.fl). Einnig kom fram stuðningur við áform um samstarf við landsbyggðina (SmfSN, MAK) og við menntastofnanir (LHÍ, Hanna Dóra Sturludóttir).

Rekstrarfyrirkomulagið varð þó einnig tilefni fyrir flestar athugasemdir er gerðar voru við frumvarpið. Lýstu margir áhyggjum af sjálfstæði óperunnar og stjórnenda hennar innan Þjóðleikhússins (BÍL, TÍ, FÍL, Klassís, FÍB, ÍD, SL, DFÍ), en gerðu einnig athugasemdir við skipun á nýjum fulltrúum í Þjóðleikhúsráð (BÍL, SmfSN, FÍL, FLB, SL), fyrirkomulag á ráðningu óperustjóra (BÍL, SmfSN, ÍD, FÍL, SL) og að ekki væri gert ráð fyrir sérstöku óperuráði (FÍL, FLB). Nokkrar athugasemdir bárust jafnframt um að frumvarpið væri of miðað við höfuðborgina (Sævar Þór Halldórsson, SmfSN, Mak, Akureyrarbær).

Hér að neðan er farið yfir helstu efnisatriði athugasemdanna og viðbrögð veitt við þeim.

2. ÞÁTTTAKA

	Einstaklingar	Lögaðilar
Umsagnaraðilar	Brjánn Ingason Sævar Þór Halldórsson Kolbeinn Jón Ketilsson Hanna Dóra Sturludóttir Tómas Tómasson	- Bandalag íslenskra listamanna (BÍL) - Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands (SmfSN) - Félag íslenskra tónlistarmanna (FÍT) - Tónskáldafélag Íslands (TÍ) - Menningarfélag Akureyrar (MAK) - Félag íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum (FÍL) - Félag íslenskra söngkennara (FÍS) - Félag Leikstjóra á Íslandi (FLÍ)

		- Fagfélag klassískra söngvara á Íslandi (Klassís) - Reykjavík Dance Festival - Listaháskóli Íslands (LHÍ) - Félag leikmynda- og búningahöfunda (FLB) - Íslenski dansflokkurinn (ÍD) - Bandalag sjálfstæðra leikhúsa (SL) - Pera Óperukollektíf, félagasamtök - Danshöfundafélag Íslands (DHÍ) - Akureyrarbær
Samtals	5	17

Eftirtöldum aðilum var boðið að veita umsögn:

- Arkitektafélag Íslands
- Bandalag íslenskra listamanna
- Danshöfundafélag Íslands
- Félag íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum
- Félag íslenskra listdansara
- Félag kvikmyndagerðarmanna
- Félag leikmynda- og búningahöfunda
- Félag leikskálda og handritshöfunda
- Félag leikstjóra á Íslandi
- Félag tónskálda og textahöfunda
- Félag íslenskra hljómlistarmanna
- Félag íslenskra tónlistarmanna – klassísk deild FÍH
- Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús
- Íslenska óperan
- Íslenski dansflokkurinn
- Klassís – fagfélag klassískra söngvara á Íslandi
- List fyrir alla
- Menningarfélag Akureyrar
- Rithöfundasamband Íslands
- Samband íslenskra myndlistarmanna
- Samtök kvikmyndaleikstjóra
- Sinfóníuhljómsveit Íslands
- Sviðslistasamband Íslands
- Tónskáldafélag Íslands
- Þjóðleikhúsið

Skjöl málsins, allar umsagnir og upplýsingar um umsagnarfrést og annað fyrirkomulag er að finna í samráðsgáttinni á Ísland.is, slóð á málið: <https://island.is/samradsgatt/mal/3685>

3. SJÓNARMÍÐ UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ VIÐ ÞEIM

3.0 YFIRLIT

Í umsögnum (22) má greina eftirfarandi megináherslur:

Áhersluatriði og fjöldi umsagna	Einstaklingar	Lögaðilar
Samlegð við Sinfóníuhljómsveit Íslands væri hagkvæmari (1)	Brjánn Ingason (nr. 1)	
Starfsemin er of einskorðuð við höfuðborgarsvæðið (4)	Sævar Þór Halldórsson (nr. 2)	- SmfSN (nr. 4) - MAK (nr. 8) - Akureyrarbær (nr. 21)
Fyrirkomulag á tilnefningu fulltrúa í Þjóðleikhúsráð verði endurskoðað (5)		- BÍL (nr. 3) - SmfSN (nr. 4) - FÍL (nr. 9) - FLB (nr. 17) - SL (nr. 18)
Fyrirkomulag á ráðningu óperustjóra verði endurskoðað (5)		- BÍL (nr. 3) - SmfSN (nr. 4) - ÍD (nr. 17) - FÍL (nr. 9) - SL (nr. 18)
Í stað Þjóðaróperu verði nafnið Óperan notað (1)		- BÍL (nr. 3)
Það mætti eyrnamerkja hluta fjárframlagsins fyrir ný verk (1)		- TÍ (nr. 7)
Leggja verður áherslu á listrænt og rekstrarlegt sjálfstæði Þjóðaróperu (8)		- BÍL (nr. 3) - TÍ (nr. 7) - FÍL (nr. 9) - Klassís (nr. 12) - FÍB (nr. 16) - ÍD (nr. 17) - SL (nr. 18) - DFÍ (nr. 20)
Innleiðingu á framtíðarsýn fyrir sviðlistastofnanirnar verði flýtt (1)		- FÍL (nr. 9)
Taka skal fram að ekki megi setja upp söngleiki sem eru „kassastykki“ (1)		- Klassís (nr. 12)
Stöðu óperustjóra skal alltaf auglýsa (1)		- FÍL (nr. 9)

Þjóðarópera fái sitt eigið þriggja manna óperuráð (2)		- FÍL (nr. 9) - FLB (nr. 17)
Óperustjóra sé skylt að skípa listaráð (1)		- Klassís (nr. 12)
Orðalag um samstarf verði samræmt lögum um Þjóðleikhús (1)		- SL (nr. 18)

3.1 EFNISATRIÐI 1: RÖNG SAMLEGÐ?

Samstarf við stofnun aðra en Þjóðleikhúsið yrði hagkvæmara.

Dæmi úr umsögnum:

1: „Það fengist miklu meiri flutningur óperutónlistar fyrir sama pening ef Þjóðarópera yrði hluti af starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands frekar en Þjóðleikhússins“

Viðbrögð:

Í undirbúningsvinnu fyrir stofnun Þjóðaróperu, sem staðið hefur í allmörg ár, hafa ýmsir möguleikar verið kannaðir er varða samstarf við aðrar ríkisreknar listastofnanir, þ. á m. Íslenska dansflokkinn, Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Bæði voru útbúnar sviðsmyndir og kostnaðaráætlanir fyrir mismunandi samsett rekstrarform, auk þess sem rætt var við viðkomandi hagsmunaaðila. Í ljós kom að hvorki var grundvöllur né áhugi fyrir fullri samlegð við Sinfóníuhljómsveit Íslands þar sem starfsemin er talsvert ólík og reksturinn því annars eðlis. Farsælla þótti að eiga samleið með annarri sviðslistastofnun og samnýta þá fjölmörgu innviði sem eru nauðsynlegir til að framleiða leikhússýningu. Með það fyrir augum er enn fremur horft til frekari samreksturs óperu-, dans- og leiklistarstofnana ríkisins á næstu árum. Engu að síður er í vinnslu ítarlegur samstarfssamningur við Sinfóníuhljómsveit Íslands.

3.2 EFNISATRIÐI 2: EINBLÍNT Á HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Það er verið að einblína á höfuðborgarsvæðið á kostnað landsbyggðarinnar. Áform um að sýna á landsbyggðinni ætti að gera að skyldu og sjá til þess að meira fjármagn renni til atvinnulistastarfsemi úti á landi.

Dæmi úr umsögnum:

1: „Ekki er séns að nokkur í hópi óperusöngvara eða kórs geti haldið heimili annarstaðar en á höfuðborgarsvæðinu. Það gerir það þá að verkum að þau sem hafa menntað sig í þessu sæki frekar eftir að búa á höfuðborgarsvæðinu og gerir landsbyggðina fátækari af listafólki.“ (Sævar Þór Halldórsson, nr. 2)

2: „...atvinnutækifæri klassískra hljóðfæraleikara eru nú þegar nær öll á höfuðborgarsvæðinu og spurning hvort ekki megi haga starfsemi þjóðaróperu þannig að hún verði ekki til þess að þjappa störfum af þessu tagi saman á höfuðborgarsvæðinu enn frekar en nú þegar er raunin og leita til Sinfóníuhljómsveitar

Norðurlands í því samhengi þegar á að setja upp óperusýningar í Hofi á Akureyri t.d.“ - SmfSN (nr. 4)

3: „Mjög mikilvægt er að tryggt sé að starfsemi Þjóðaróperunnar verði víðar en á höfuðborgarsvæðinu og að kveðið verði fastar að orði að því í frumvarpinu hvernig Þjóðaróperan eigi að rækja skyldur sínar gagnvart landsbyggðunum.”(Mak, nr. 8)

4: „...hefur félagið jafnframt verulegar áhyggjur af því að það fjármagn sem áætlað er til menningarmála muni í enn meiri mæli sogast til höfuðborgarsvæðisins. Við skorum því á ráðherra og þingið að á sama tíma og þetta frumvarp verður tekið fyrir verði skoðað hvernig hægt sé að tryggja að fjármagn til atvinnulistastarfsemi á landsbyggðunum verði aukið og þá ekki síst í höfuðstað Norðurlands, Akureyri. Þetta verður að gera til þess að tryggja mótvægi við höfuðborgarsvæðið.“ (Mak, nr. 8)

5: „...í greinargerð með frumvarpsdrögum er Menningarhúsið Hof sérstaklega nefnt. Skynsamlegt væri að kveða fastar að orði í 2. grein sviðslistalaganna um að Þjóðaróperunni beri skylda til að standa að slíku samstarfi. Að öðrum kosti er hætt á að það verði víkjandi þegar fram líða stundir.“ (Akureyrarbær, nr. 21)

Viðbrögð:

Aðaladsetur Þjóðaróperu þarf að vera á svæði sem hentar vel bæði meirihluta þeirra sem við stofnunina starfa og stærsta hluta gestanna sem sækja sýningar hennar, en einnig hvað snertir staðsetningu samstarfs- og þjónustuaðila hennar. Höfuðborgin er því augljósi kosturinn. Það er aftur á móti fyrirséð að hluti af starfsemi Þjóðaróperunnar verði að vinna samstarfsverkefni á þeim stöðum á landsbyggðinni þar sem mikið hefur verið lagt í tónlistar- og leikhússtarfsemi, auk þess að fara um landið með tilbúna sýningar. Hér verður því gerð mikil bragarbót fyrir þá sem vilja bæði taka þátt í óperustarfsemi og eiga heimili á landsbyggðinni.

Í lagatextanum hefur verið miðað við að stefna og vilji stjórnvalda komi fram án þess að of mikið sé verið að skilyrða eða binda með orðinu "skal". Margvíslegar ástæður geta orðið til þess að ógerlegt kann að verða að skuldbinda óperustjóra til ákveðinna verkefna, sýningarstaða eða fyrirkomulags og því er betra að lagatexti lýsi stefnu en ekki nákvæmlega hvernig henni skuli framfylgt. Hér verður að treysta óperustjóra til að vinna samkvæmt því sem lagatexti boðar, án þess að í honum séu ófrávíkjanleg skilyrði í framkvæmd. Þó skal bent á að í smíðum er reglugerð þar sem tækifæri gefst til að kveða fastar að orði og verður það tekið til athugunar.

Varðandi framtíðarskipan sviðslistastofnananna, húsnaðisþörf þeirra, fjárhagsskiptingu og nánara skipulag er rétt að ítreka að í skipunarbréfi undirbúningsnefndar að stofnun Þjóðaróperu er ekki fjallað sérstaklega um þessa þætti. Áhuga á þessum hugmyndum er þó fagnað og hvatt til þess að framtíðarskipulag og stefnumörkun sviðslistastofnananna hefjist af fullum þunga samhliða stofnun Þjóðaróperu. Æskilegt væri að umræða um atvinnulistastarfsemi á landsbyggðinni yrði jafnframt hluti af þeirri umræðu.

3.3 EFNISATRIÐI 3: SKIPUN ÞJÓÐLEIKHÚSRÁÐS

Það væri eðlilegra að aðrir aðilar en Klassís (Fagfélag klassískra söngvara) tilnefni nýja fulltrúa í Þjóðleikhúsráð.

Dæmi úr umsögnum:

- 1: „Klassís er hluti af SAFAS og væri eðlilegra til að gæta jafnræðis við aðrar listgreinar að SAFAS skipaði þessa fulltrúa og þeim samráðsvettvangi treyst fyrir hlutverki að jafna aðkomu listgreina í Þjóðleikhúsráð eins og verið hefur hingað til og ágætis reynsla er af.“ (BÍL, nr. 3)
- 2: „SmfSN vill benda á mikilvægi þess að leitað sé til fagfélaga hljóðfæraleikara, (FÍH) ekki síður en annarra fagfélaga sem tengjast sviðslistum við skipan í Þjóðleikhúsráð.“ (SmfSN, nr. 4)
- 3: „Að nýtt ráð verði skipað frá grunni, þrír frá ráðherra þ.m.t. formaður og fjórir frá fagfélögum innan Sviðslistasambands Íslands (SAFAS – Samráðsvettvangur fag – og stéttarfélag innan Sviðslistasambands Íslands)“. (FÍL, nr. 9)
- 4: „Við tökum undir þau sjónarmið...að SAFAS (Samráðsvettvangur fagfélaga innan Sviðslistasambands Íslands) komi að tilnefningum í Óperuráð rétt eins og í önnur fagráð sem starfa innan sviðslistageirans (Þjóðleikhúsráð, Listdansráð og Sviðslistaráð).“ (FLB, nr. 17)
- 5: „Hér væri eðlilegra að samráðsvettvangi fag- og stéttarfélaganna innan Sviðslistasambands Íslands (SAFAS) væri treyst fyrir tilnefningum tveggja fulltrúa. Þar er hægt að áskilja að um sé að ræða fagfólk með staðgóða þekkingu af vettvangi óperulista innanlands og utan. Það að Klassís sé falið að tilnefna einn fulltrúa sérstaklega er skiljanlegt, en ekki samræmi við tilnefningar í Þjóðleikhúsráð, listdansráð eða sviðslistaráð.“ (SL, nr. 18)

Viðbrögð:

Með stofnun Þjóðaróperu innan Þjóðleikhússins er verið kynna til sögunnar nýtt fyrirkomulag á sviðslistastofnunum ríkisins sem býður upp á marga kosti en grundvallast á skapandi samvinnu. Í stað þess að Þjóðarópera hafi eigið óperuráð, sambærilegt þjóðleikhúsráði og listdansráði, er lagt til að þjóðleikhúsráð verði stækkað um tvo meðlimi er báðir hafi sérstaka þekkingu á óperustarfsemi. Hér er því ekki hægt að vísa í jafnræði milli sviðslistastofnananna. Óperusöngvarar eru án efa sú starfsstétt sem á mestra hagsmuna að gæta varðandi stofnun Þjóðaróperu og fallist er á tillögu Klassís að skipun úr þeirra röðum sé best til þess fallin að tryggja að fulltrúinn hafi þá sérhæfðu þekkingu sem fagið krefst. Þannig er einnig tryggt að sá aðili njóti fulls trausts þess stóra hóps óperusöngvara sem fær nú starfsgrundvöll á sambærilegum grunni og annað sviðslistafólk.

Til samanburðar má benda á að fulltrúar leikara áttu áratugum saman sæti í þjóðleikhúsráði, eða allt frá stofnun leikhússins og fram á þessa öld. SAFAS skipar nú þegar 3 fulltrúa í þjóðleikhúsráð og þar sem Klassís er hluti af SAFAS yrði fulltrúi Klassís því engu að síður af þeim samráðsvettvangi, en með ákveðna tegund af sérþekkingu. Meiri breidd og fjölbreytni í

tilnefningum og samsetningu Þjóðleikhúsráðs í hinu nýja skipulagi, með óperustarfsemi innanborðs, ætti aðeins að vera til bóta.

Hvað varðar málsliðinn er segir fyrir um að óperustjóri kynni áætlanir og önnur málefni Þjóðaróperu fyrir þjóðleikhúsráði þegar eftir því er óskað er fallist á að hann sé ekki skýr og auki heldur á óvissu um samstarf óperustjóra við ráðið. Sá málsliður verður því felldur burt. Ábyrgð óperustjóra gagnvart þjóðleikhúsráði er skýr í lögnum og er það á ábyrgð ráðsins að uppfæra sínar eigin starfsreglur í samræmi við óperustarfsemina. Við undirbúning frumvarpsins hefur það verið haft að leiðarljósi að lagatextinn skýri stefnu og vilja stjórnvalda en forðist að skilyrða eða binda með orðinu "skal" þætti sem snerta listræna stjórnun óperunnar eða samstarfið við Þjóðleikhúsið, en betra er að lagatexti lýsi stefnu fremur en framkvæmd. Hér verður að treysta stjórnendum til að vinna samkvæmt því sem lagatexti boðar, án þess að hann inniberi ófrávíkjanleg skilyrði í framkvæmd eða skapi óvissu.

Hvað varðar skipun starfsfólks úr stéttarfélögum, t.d. FÍH, þá er mikilvægt að halda því til haga að Þjóðleikhúsráð er ekki vettvangur fyrir kjaraviðræður. Stéttarfélögin hafa sjálfstætt umboð til kjarasamninga við listastofnanirnar skv. lögum og þær viðræður fara fram á öðrum vettvangi.

3.4 EFNISATRIÐI 4: HÆFNISRÁÐ FYRIR ÓPERUSTJÓRA

Samsetning hæfnisráðs fyrir ráðningu óperustjóra verði endurskoðað.

Dæmi úr umsögnum:

- 1: „Það væri líka til samræmis við aðrar stofnanir að óperustjóri væri skipaður með sama hætti og t.d. þjóðleikhússtjóri, það er að segja skipaður af ráðherra samkvæmt umsögn þjóðleikhúsráðs.“ (BÍL, nr. 3)
- 2: „SmfSN vill benda á mikilvægi þess að leitað sé til fagfélaga hljóðfæraleikara, (FÍH) ekki síður en annarra fagfélaga sem tengjast sviðslistum...um skipan hæfnisnefndar þeirrar er gerir tillögu til ráðherra um skipun óperustjóra“ (SmfSN, nr. 4)
- 3: „Að okkar mati er lögskipuð hæfnisnefnd við skipun óperustjóra óþörf. Ráðherra skipar óperustjóra Þjóðaróperunnar að fenginni umsögn þriggja manna Þjóðaróperuráðs eða sjö manna Þjóðleiks- og óperuráðs og getur kallað til faglega hæfnisnefnd innan ráðuneytis eins og gert var þegar núverandi þjóðleikhússtjóri var skipaður.“ (FÍL, nr. 9)
- 4: „...varðandi skipan óperustjóra, hverjir koma að þeirri ráðningu, en þar er eðlilegt að ferlið sé hliðstætt ferli við ráðningu listdansstjóra“ (ÍD, nr. 17)
- 5: „Sé nauðsyn þess að skipa sérstaka hæfnisnefnd óumdeild vill SL gera athugasemd um tilnefningar í þá hæfnisnefnd. Skipan nefndarinnar er ekki til þess fallin að tryggja armslengd þar sem ráðherra skipar með beinum hætti fjóra af fimm fulltrúum, þ.e. Þjóðleikhússtjóra, formann Þjóðleikhúsráðs, nýjan ráðherraskipaðan fulltrúa

Þjóðleikhúsráðs og einn fulltrúa að auki, ráðherraskipaðan sértaklega í hæfnisnefndina. Hér væri eðlilegra að sömu faglegu sjónarmið væru viðhöfð og eiga við um skipan Þjóðleikhúsráðs, þar sem meirihluti er faglega tilnefndur.“ (SL, nr. 18)

Viðbrögð:

Hér ráða að sumu leyti sömu rök og sett voru fram í viðbrögðum við 3.atriði. Með stofnun Þjóðaróperu innan Þjóðleikhússins er lagt upp með nýtt fyrirkomulag á sviðslistastofnunum ríkisins. Þótt frumvarpið tryggji óperunni bæði mikið sjálfstæði og ráðherraskipaðan óperustjóra þá mun hann engu að síður heyra undir þjóðleikhússtjóra í skipuriti og þurfa að leggja áætlanir óperunnar fyrir þjóðleikhúsráð. Hér er því um óvenjulega ráðningu að ræða sem er ekki sambærileg við ráðningu forstöðumanna hinna sviðslistastofnananna og ekki hægt að vísa í algjört jafnræði milli þeirra. Með því að hafa fimm í hæfnisnefndinni koma fleiri að ráðningunni, meirihlutinn með sérfræðipækkingu á óperu, en einnig þjóðleikhússtjóri og formaður þjóðleikhúsráðs. Ráðherra skipar fimmta aðila af vettvangi óperulista og eru fulltrúar þjóðleikhússins því í minnihluta í nefndinni, en aðkoma þeirra að ráðningunni er engu að síður mikilvæg þar eð þeir munu þurfa að eiga í gagnkvæmu trúnaðarsamstarfi við óperastjóran.

Óperusöngvarar eru sú starfsstétt sem á mestra hagsmuna að gæta varðandi stofnun Þjóðaróperu og við föllumst á tillögu Klassís að fulltrúi þeirra hafi þá sérhæfðu þekkingu sem ráðningin krefst. Með því að hafa fulltrúa Klassís í nefndinni er enn fremur tryggt að sá aðili sem verður ráðinn njóti fulls trausts þess stóra hóps söngvara sem fær nú starfsgrundvöll til samræmis við annað sviðslistafólk.

Hvað snertir áhyggjur af armlengd vegna skipunar ráðherra á fjórum af fimm nefndaraðilum má benda á að eini aðilinn sem hér gæti talist pólitískt skipaður er formaður þjóðleikhúsráðs. Allir aðrir, þ.e.a.s. þjóðleikhússtjóri og tveir með sérfræðipækkingu á óperu, eru skipaðir á grundvelli sérþekkingar og á grundvelli tilnefningar annarra aðila.

3.5 EFNISATRÍÐI 5: NAFNIÐ „ÞJÓÐARÓPERA“

Í stað „Þjóðaróperu“ verði nafnið „Óperan“ notað.

Dæmi úr umsögnum:

1: „Að lokum má velta fyrir sér hvort nafnið Þjóðaróperan sé ekki full gildishlaðið hugtak á óperustarfsemi í samtímanum. Í upphafi festist þetta hugtak við verkefnið, líklega til aðgreiningar frá sjálfseignastofnuninni Íslensku óperunni. Líklega færi betur á því að nefna þessa nýju óperu bara Óperuna, Óperan með ákveðnum greini og fjarlægja þetta þjóðernislega forskeyti af nafngiftinni.“ (BÍL, nr. 3)

Viðbrögð:

Nafnið „Þjóðaróperan“ hefur fest sig, m.a. til aðgreiningar frá Íslensku óperunni, og hentar vel til að gefa stofnuninni skýrt vægi og samræmi við Þjóðleikhúsið og Íslenska dansflokkinn.

Vel má vera að þegar sú framtíðarskipan sem stefnt er að verður komið á muni nafnið stytast í „Óperuna“, en ekki þykir ástæða til að breyta því að svo stöddu.

3.6 EFNISATRIÐI 6: EYRNAMERKT FJÁRMAGN

Það á að eyrnamerkja hluta fjárframlags Þjóðaróperu til að panta ný verk.

Dæmi úr umsögnum:

1: „Við viljum leggja áherslu á að þessum bókstaf verði framfylgt á sannfærandi hátt með pöntunum á nýjum verkum svo að fagið muni dafna og vaxa með stofnuninni. Það segir sig sjálft að ef ekki er fjárfest í faginu verður ekki um neina framþróun að ræða. Sjálfsagt væri að ákveðinn hluti þess fjármagns sem fer í stofnunina verði eyrnamerkur þessu hlutverki“ (TÍ, nr. 7)

Viðbrögð:

Hér má vísa í svarið við 3. efnisatriði, þar sem segir að við undirbúning frumvarpsins hefur það verið haft að leiðarljósi að lagatextinn skýri stefnu og vilja stjórnvalda en forðist að skilyrða eða binda með orðinu "skal" þætti sem snerta listræna stjórnun óperunnar. Margvíslegar ástæður geta orðið til þess að ógerlegt kann að vera að skuldbinda óperustjóra til ákveðinna verkefna, sýningarstaða eða fyrirkomulags að öðru leyti og því er betra að lagatexti lýsi skýrri stefnu en ekki nákvæmri framkvæmd. Hér verður m.ö.o. að treysta stjórnendum til að vinna samkvæmt því sem lagatexti boðar, án þess að hann inniberi ófrávíkjanleg skilyrði í framkvæmd.

Það kemur engu að síður vel fram að Þjóðaróperu er ætlað skýrt hlutverk hvað snertir frumsköpun og þróun nýrra verka, auk þess sem fram kemur að miða skal við að árlega sé á dagskrá íslenskt verk, eftir því sem aðstæður leyfa.

3.7 EFNISATRIÐI 7: LISTRÆNT SJÁLFSTÆÐI

Leggja verður áherslu á óumdeilt sjálfstæði óperunnar og stjórnanda hennar.

Dæmi úr umsögnum:

1: „BÍL leggur mikla áherslu á að Óperan verði sjálfstæð í sínum ákvörðunum rekstrarlega sem og listrænt svo hún standi undir nafni sem sjálfstæð listræn stofnun.“ (BÍL, nr. 3)

2: „Þó að óperustjóri sé skipaður af ráðherra þá veldur það áhyggjum að hann sé engu að síður undir þjóðleikhússtjóra í skipuriti. Þarna getur myndast togstreita. Við leggjum áherslu á að sjálfstæði óperustjóra sé óumdeilt.“ (TÍ, nr. 7)

3: „Hvaða ákvarðanir í rekstri Þjóðaróperunnar eru meiri háttar og þarfnast samráðs við Þjóðleikhússtjóra? Verkefnaval? Ráðning listamanna, þ.e. söngvara? Frumsýningardagar? Hér þarf nánari skýringu og best væri að verksvið óperustjóra

eins og því er lýst í greinargerð rati inn í lagatextann þannig að ótvírætt sé hvaða umboð óperustjóri hefur.“ (FÍL, nr. 9)

4: „...þarf að kveða skýrt á um sjálfstæði óperustjóra gagnvart Þjóðleikhússtjóra þegar kemur að listrænum ákvörðunum, fjárhagslegum skuldbindingum og ráðningum.” (ÍD, nr. 17)

5: „SL leggur sérstaka áherslu á að listrænt sjálfræði Þjóðaróperu sé tryggt.“ (SL, nr. 18)

6: „Við tökum undir umsagnir FÍL og Íslenska Dansflokksins, einkum því sem snýr að listrænu sjálfstæði óperustjóra...“ (DFÍ, nr. 20)

Viðbrögð:

Mikið hefur verið rætt um hvernig tryggja megi sjálfstæði óperunnar og stjórnanda hennar innan Þjóðleikhússins á þann hátt að skipulag þess verði áfram skilvirkt. Í þessu samhengi er mikilvægt að lesa saman lagagreinar og greinargerðina, en þar sem óvissa er um túlkun lagagreinar skýrir greinargerðin hvernig skilja ber lögin. Tekið skal fram að þótt ýmsir varnaglar séu slegnir varðandi sjálfstæði óperunnar innan Þjóðleikhússins þá er þetta flókið fyrirkomulag sem er háð trausti og samstarfsvilja allra aðila til að vel megi ganga. Einnig ber að benda á að lögin innihalda yfirgripsmikla reglugerðarheimild til frekari útlistunar á rekstrarfyrirkomulagi óperunnar innan Þjóðleikhússins og að það fyrirkomulag byggir á miklu samráði. Í reglugerð gefst tækifæri til að kveða fastar að orði og skilgreina nánara hlutverkaskiptingu leikhússtjóra og óperustjóra, og samrekstur Þjóðaróperu og Þjóðleikhúss.

Á sama tíma skal undirstrika að hér ekki verið að stilla upp endanlegri mynd heldur er verið að taka fyrsta skrefið í átt að fyrirkomulagi þar sem jafnræði verði á milli listrænna stjórnenda sviðslistastofnana ríkisins, undir sameiginlegri yfirstjórn.

3.8 EFNISATRIÐI 8: FRAMTÍÐARSKIPULAG

Innleiðingu á framtíðarskipulagi sviðslistastofnana ríkisins verði flýtt.

Dæmi úr umsögnum:

1: „Með þessum drögum er ráðherra að stíga afgerandi skref í átt að samlegð/sameiningu sviðslistastofnana. Því ætti það að vera markmið að stefna að fyrstu samlegð með nýju fyrirkomulagi frá og með 1. janúar 2025. Þá yrðu undir einni sameiginlegri yfirstjórn listrænn stjórnandi Þjóðleikhússins og listrænn stjórnandi Þjóðaróperu, og síðar listrænn stjórnandi ÍD.“ (FÍL, nr. 9)

Viðbrögð:

Hér er vert að endurtaka rök er sett voru fram í svari við fyrsta efnisatriði: varðandi framtíðarskipan sviðslistastofnananna, húsnæðisþörf þeirra, fjárhagsskiptingu og nánara skipulag er rétt að ítreka að í skipunarbréfi undirbúningsnefndar að stofnun Þjóðaróperu er ekki fjallað sérstaklega um þessa þætti. Eigi að síður er lagt til í frumvarpinu að stofnun Þjóðaróperu sé liður í ferli sem þurfi að hefjast samhliða og snertir bæði stefnumörkun

sviðslistastofnananna, framtíðarskipan og húsnæðismál. Frekari útfærsla á þessum þáttum er að öðru leyti utan við gerð þessa frumvarps og þarf mun lengri tíma með markvissri aðkomu fjölda stofnana, samtaka og ráðuneytis. Engu að síður er áhuga á þessum hugmyndum fagnað og hvatt til þess að framtíðarskipulag og stefnumörkun sviðslistastofnananna hefjist af fullum þunga samhliða stofnun Þjóðaróperu.

3.9 EFNISATRÍÐI 9: ENDURRÁÐNING ÓPERUSTJÓRA

Stöðu óperustjóra skal alltaf auglýsa á fimm ára fresti.

Dæmi úr umsögnum:

1: „Það er því mikilvægt að stöðurnar séu auglýstar, að sá sem hefur stýrt í fimm ár og vill vera áfram, þurfi þá með nýrri umsókn að hafa fyrir endurráðningu með því að leggja fram listræna stefnu og sýn og sækja sér umboð uppá nýtt. Aðrir áhugasamir hafa þá möguleika á að sækjast eftir starfinu og koma sinni sýn og listrænum stefnumálum á framfæri.“ (FÍL, nr. 9)

Viðbrögð:

Það hefur verið baráttumál ákveðinna fagfélaga innan sviðslistanna að embætti listrænna stjórnenda verði ávallt auglýst, jafnvel þó áhugi sé á endurráðningu. Verði slík kvöð lögfest er rökrétt að gera það fyrir allar sviðslistastofnanir ríkisins, ellegar yrði Þjóðarópera einsdæmi hvað þetta snertir. Þykir ástæða til að meira samráð sé haft áður en sú ákvörðun er tekin, enda er ekki tilgangur þessa frumvarps að breyta sviðslistalögum meira en þörf er á til að unnt sé að stofna Þjóðaróperu.

3.10 EFNISATRÍÐI 10: SÖNGLEIKIR SEM ERU „KASSASTYKKI“

Taka skal fram í lögunum að Þjóðarópera megi ekki setja upp söngleiki sem eru „kassastykki“.

Dæmi úr umsögnum:

1: „Þó mikilvægt sé að óperustjóri hafi frjálssar hendur með mótun listrænnar stefnu, þá telur Klassís rétt að tryggja að fjármunir til óperuflutnings verði ekki nýttir til þess að setja upp söngleiki sem teljast til „kassastykkja“.“ (Klassís, nr. 12)

Viðbrögð:

Hér er vert að endurtaka það sem kom fram í viðbrögðum við þriðja og sjötta efnisatriði: Í lagatextanum skal stefna og vilji stjórnvalda koma fram en forðast að skilyrða eða binda með orðinu "skal" þætti er snerta listrænt sjálfstæði óperustjóra. Margvíslegar ástæður geta orðið til þess að ógerlegt kann að verða að skuldbinda óperustjóra til ákveðinna verkefna, sýningarstaða eða fyrirkomulags að öðru leyti og því er betra að lagatexti lýsi stefnu en ekki framkvæmd. Hér verður m.ö.o. að treysta stjórnendum til að vinna samkvæmt því sem lagatexti

boðar, án þess að hann inniberi ófrávíkjanleg skilyrði. Litrænt dagskrárvald og fjárhagsleg ábyrgð óperustjóra verða að vera ótvíræð eigi viðkomandi að geta sinnt starfinu.

3.11 EFNISATRIÐI 11: ÓPERURÁÐ

Þjóðarópera fái sitt eigið þriggja manna óperuráð

Dæmi úr umsögnum:

1: „Við gerum tillögu um að skipað verði að nýju í fimm manna þjóðleikhúsráð og að Þjóðarópera fái sitt eigið þriggja manna óperuráð, skipað á sama hátt og listdansráð.“ (FÍL, nr. 9)

2: „...að Óperustjóri hafi sér til stuðnings Óperuráð, aðskilið Þjóðleikhúsráði.“ (FLB, nr. 16)

Viðbrögð:

Í frumvarpinu sem hér er lagt fram er gert ráð fyrir að Þjóðarópera verði stofnuð innan Þjóðleikhússins og falli því að stjórnskipulagi þess. Þjóðleikhússtjóri, æðsti yfirmaður stofnunarinnar, svarar til þjóðleikhúsráðs sem einnig er ábyrgt gagnvart ráðherra. Þegar hafa verið gerðar margar ráðstafanir til að tryggja listrænt og rekstrarlegt sjálfstæði óperunnar innan þessa skipulags, m.a. með skýrt tilgreindu valdi og ráðherraskipan óperustjóra, aðgreiningu fjármagns o.fl. Það er engu að síður nauðsynlegt að þjóðleikhúsráði og þjóðleikhússtjóra sé gert kleift að gegna ábyrgðarhlutverki sínu. Markmiðið með frumvarpinu er því að stjórnskipulagi Þjóðleikhússins sé haldið til haga á sama tíma og óperunni er veitt eins mikið sjálfstæði og hægt er innan ramma Þjóðleikhússins. Þó skal þess aftur getið að sett er fram framtíðarsýn þar sem komið verði á jafnræði milli listrænna stjórnenda þessara tveggja stofnana.

3.12 EFNISATRIÐI 12: KVÖÐ UM LISTRÁÐ

Óperustjóra sé gert skylt að skipa listráð.

Dæmi úr umsögnum:

1: „Þá leggur Klassís til breytingu á texta 3.3. um að setningunni „Óperustjóra er jafnframt heimilt að hafa listráð sér til ráðgjafar“ verði breytt í „Óperustjóri skal hafa listrænt teymi sér til ráðgjafar og tryggja að þekking á raddgerðum sé höfð í hávegum við val söngvara í hlutverk. Enn fremur ber óperustjóra að tryggja opið og gagnsætt ráðningarferli söngvara og annarra listamanna með aðkomu fagfólks og að reglulega sé haldinn opinn fyrirsöngur, að lágmarki einu sinni á ári“. (Klassís, nr. 12)

Viðbrögð:

Hér er vert að vísa aftur í röksemdafærslu er áður hefur komið fram: Við undirbúning frumvarpsins hefur verið haft að leiðarljósi að stefna og vilji stjórnvalda komi fram án þess að

verið sé að skilyrða eða binda með orðinu "skal" þætti er snerta listrænt sjálfstæði óperustjóra. Margvíslegar ástæður geta orðið til þess að ógerlegt kann að verða að skuldbinda óperustjóra til að ákveðinna verkefna, sýningarstaða eða fyrirkomulags að öðru leyti og því er betra að lagatexti lýsi stefnu en ekki hvernig henni skuli framfylgt. Hér verður m.ö.o. að treysta stjórnendum til að vinna samkvæmt því sem lagatexti boðar, án þess að hann inniberi ófrávíkjanleg skilyrði í framkvæmd. Listrænt dagskrárvald og fjárhagsleg ábyrgð óperustjóra verða að vera ótvíræð eigi viðkomandi að geta sinnt starfinu.

3.13 EFNISATRIÐI 13: SAMRÆMT ORÐALAG

Orðalag um samstarf verði samræmt lögum um Þjóðleikhús.

Dæmi úr umsögnum:

1: „...orðalag um samstarf verði með sama hætti og það er fyrir Þjóðleikhúsið sjálft, enda hefur það verið hluti af umræðunni að þjóðarópera, sjálfstæðir hópar og grasrótastarf styðji hvert við annað og þurfi að fá tækifæri til að þróast og vaxa í samlífi.“ (SL, nr. 18)

Viðbrögð:

Í þessu samhengi ber að gæta að því að Þjóðleikhúsið hefur yfir að ráða húsnæði sem það getur lagt fram til samstarfs við sjálfstæða leikhópa og er staða þess að því leyti ólík stöðu óperunnar. Frumvarpið gerir engu að síður ráð fyrir að kostað verði kapps um samstarf við stofnanir, félag og aðra sem starfa að sömu markmiðum og að hópum á sviði óperulista verði gert kleift að taka þátt í starfi Þjóðaróperu. Með tilliti til umsagnarinnar verður frekar kveðið á um þetta samstarf í reglugerð.

4. NÆSTU SKREF

Frumvarpið fer nú til frekari vinnslu og innra samráðs í stjórnarráðinu. Þær umsagnir sem bárust endurspeгла að miklu leyti þau sjónarhorn er höfð voru til hliðsjónar við undirbúning frumvarpsins, en þar var m.a. haft umtalsvert samráð við fagfélög innan sviðslistanna. Það er því einungis talin ástæða til að gera minniháttar breytingar á frumvarpinu, en frá þeim verður skýrt í greinargerð frumvarpsins sem verður hægt að nálgast á vef Alþingis.

Það ber að þakka fyrir þá umtalsverðu vinnu sem umsagnaraðilar hafa lagt í að kynna sér frumvarpið og skila greinargóðum athugasemdum, en þær munu áfram nýtast við vinnu fyrir reglugerð, við undirbúning fyrir nýja sviðslistastefnu, við undirbúning á því framtíðarskipulagi sem lýst er í frumvarpinu sem og við önnur tengd verkefni innan ráðuneytisins.